

Fimmtudaginn 24. febrúar 1994.

Nr. 275/1991.

**Sigurbjörn Eiríksson**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

**Davíð Ómari Þorsteinssyni**

(Árni Pálsson hrl.)

**Karli Viðar og**

**Vátryggingafélagi Íslands hf.**

(Hákon Árnason hrl.)

Bifreiðar. Skaðabætur. Áhættutaka.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason, Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari, og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. júní 1991. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða sér 3.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. janúar 1987 til uppkvaðningar dóms í Hæstarétti, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Davíð Ómar Þorsteinsson krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara krefst hann þess, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar. Einnig krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu Karl Viðar og Vátryggingafélag Íslands hf. krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit vitnamáls, sem háð var í Héraðsdómi Norðurlands eystra 1. febrúar sl.

Slys það, sem mál þetta er risið af, varð föstudaginn 23. janúar 1987, það er, áður en umferðarlög nr. 50/1987 öðluðust gildi. Af gögnum málsins þykir leitt í ljós, að slysið verði rakið til ölvunar ökumanns. Þennan dag sátu þeir þrír, sem í bifreiðinni voru, þegar slysið varð, að drykkju sterks áfengis ásamt nokkrum starfsfélögum sínum, frá því að vinnutíma þeirra lauk þar til laust fyrir kl. 21. Voru

þremningarnir allir mjög drukknir, þegar stefndi Davíð Ómar ók bifreiðinni frá vinnustað þeirra áleiðis að heimili áfrýjanda.

Leggja verður til grundvallar, að áfrýjanda hafi verið eða mátt vera ljóst, að stefndi Davíð Ómar væri óhæfur til að stjórna bifreiðinni. Staðhæfing áfrýjanda um, að hann hafi verið færður með vitundarlaus í bifreiðina, er ósönnuð og stangast m.a. á við framburð vitnisins Hersteins Valgarðssonar, sem var með áfrýjanda og stefnda Davíð Ómari í bifreiðinni. Þar sem áfrýjandi tók þátt í förninni við þessar aðstæður fyrirgerði hann rétti sínum til bóta. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

### **Dómur bæjarþings Akureyrar 22. apríl 1991.**

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Sigurbjörn Eiríksson, kt. 161162–5769, Smárahlíð 3j, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, þingfestri 24. janúar 1991, á hendur Davíð Ómari Þorsteinssyni, kt. 300461–7199, Grenivöllum 12, Akureyri, Karli Viðar, kt. 210648–2409, Gránufélagsgötu 41, Akureyri, og Vátryggingafélagi Íslands hf., Reykjavík.

Í stefnu og greinargerð er dómkröfum stefnanda þannig lýst, að stefndu verði in solidum, dæmdir til að greiða kr. 10.000.000,00 til stefnanda með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 76/1989, og jafnframt er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur allra hinna stefndu eru þær aðallega, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins auk 24,5% vsk. og dráttarvaxta frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar, og af hálfu stefndu Karls Viðars og Vátryggingafélags Íslands hf. er gerð sú krafa að málskostnaður verði þá látinn falla niður, en af hálfu stefnda Davíðs Ómars er einnig krafist málskostnaðar í varakröfu, auk þess sem af hans hálfu er krafist að dráttarvextir leggist við tildæmdan málskostnað á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.

Málsatvik eru þau, að að kvöldi föstudagsins 21. janúar 1987 var bifreiðinni A-899 ekið á ljósastaur við Skarðshlíð á Akureyri. Ökumaður bifreiðarinnar, stefndi Davíð Ómar, reyndist vera undir áhrifum áfengis og

mældist alkóhólmagn í blóði hans 1,82%. Í bifreiðinni voru tveir farþegar, báðir ölvaðir, stefnandi máls þessa og vitnið Hersteinn Karl Valgarðsson. Við árekstur bifreiðarinnar hlaut stefnandi meiðsli og hlaut örorku sem hér segir:

- í 7 mánuði 100%,
- í 2 mánuði 50%,
- varanlega 20%.

Hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu bóta vegna tjóns þess, er hann varð fyrir í slysinu. Kveðst stefnandi byggja kröfu sína á sök öku-  
manns bifreiðarinnar, stefnda Davíðs Ómars, og objectivri ábyrgð eigandans, stefnda Karls Viðar, og tryggingafélags hans, stefnda Vátryggingafélags Íslands hf. Telur stefnandi, að tjón sitt verði eingöngu rakið til gáleysis og sakar ökumannsins.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi fyrirgert öllum rétti til skaðabóta skv. reglum skaðabótaréttarins um áhættu með því að setjast upp í og taka sér far með bifreiðinni A-899 þótt honum hafi mátt vera ljóst að ökumaður bifreiðarinnar, stefndi Davíð Ómar, væri ölvaður.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af lögmanni stefnanda, að reglur skaðabótaréttarins um eigin áhættu ættu hér ekki við þar sem stefnandi hefði verið færður meðvitundarlaus í bifreiðina eða a.m.k. verið það ölvaður að hann hafi ekki gert sér grein fyrir þeirri áhættu, er hann tók. Þessu er hvoru tveggja eindregið mótmælt af hálfu stefndu.

Auk aðila málsins hefur vitnið Hersteinn Valgarðsson gefið skýrslu hér fyrir dómi.

Þá liggja fyrir í málinu rannsóknargögn sakadóms Akureyrar út af umræddu slysi. Fram er komið í málinu að þessir þrír menn ásamt fleirum sátu að drykkju, áður en akstur bifreiðarinnar hófst, á vinnustað sínum í Eimskipafélagshúsinu á Oddeyri.

Er fullsannað, m.a. með framburði stefnanda sjálfs, að hann hafi vitað um ölvunarástand ökumannsins, stefnda Davíðs Ómars. Bótaskylda stefndu verður ekki reist á ölvun stefnanda, sem sjálfur kom sér í það ástand. Staðhæfing stefnanda um, að hann hafi verið færður meðvitundarlaus í bifreiðina, er ekki studd neinum gögnum og með öllu ósönnuð. Stefnandi gerðist því farþegi í bifreiðinni, sem ekið var af stefnda Davíð Ómari, þrátt fyrir vitneskju um að ökumaðurinn væri ölvaður. Þetta gerði hann á eigin áhættu og hefur því fyrirgert rétti sínum til bóta.

Verða stefndu samkvæmt framansögðu sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður, og er þá m. a. haft í huga, að stefndi Davíð Ómar olli tjóni stefnanda með refsiverðum verknaði.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Davíð Ómar Þorsteinsson, Karl Viðar og Vátryggingafélag Íslands hf., eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Sigurbjörns Eiríkssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

---